


21 Hólmsárvirkjun neðri við Atley

Hólmsárvirkjun við Atley austan Sandfellsjökuls nýtir fall í Hólmsá frá Atley og niður á Flöguvelli við Flögulón.

Afl 65 MW_e, orkugeta 480 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna A. FH III: Áhrif 56. FH IV: Kostnaðarflokkur 3.





Umsögn faghóps I

Í júlí 2009 sendi Landsvirkjun bréf með skýrslum og gögnum um Hólmsárvirkjun við Atley til viðbótar við tvær útfærslur af Hólmsárvirkjun sem Landsvirkjun og Rarik höfðu sent inn gögn um í apríl 2009. Vegna mistaka starfsmanns verkefnisstjórnar bárust hvorki faghópi I né faghópi II þessar seinni skýrslur og gögn. Faghópur I hafði því ekki við mat sitt innsendar upplýsingar um tilhögun og umhverfi virkjunarinnar, m.a. um gróður í og við lónstæði við Atley. Því miður kom þetta ekki í ljós fyrr en í apríl 2011 en þá var of seint að endurvinnna matið. Mat faghóps I sem birt er í skýrslu um niðurstöður verkefnisstjórnar er því of lágt bæði fyrir verðmæti svæðisins (líklega einkum fyrir fugla, plöntur og vistgerðir og jarðveg) og fyrir áhrif (líklega einkum fyrir sömu viðföng).

Með þessum fyrirvara en til samanburðar við aðrar virkjunarhugmyndir í Hólmsá eru hér birtar þær einkunnir sem standa í skýrslu verkefnisstjórnar og umsögn faghópsins um sérstakt mikilvægi í náttúru Hólmsásvæðisins.

FH I: Gæði gagna B/B. Verðmæti/Meðaltal: 8,1/8,0; Áhrifaeinkunn/Meðaltal: 2,6/5,4



Sérstakt mikilvægi

Tegund á valista: helsingi (80 pör) – 2/3 hlutar íslenska stofnsins

Friðlýstar minjar: við Hestatorfu (Hrífunes), á Langarofi (Hrífunes) og þingstaður við Leiðvelli.

Svæðið nær yfir suðurenda Eldgjársprungunnar, m.a. gígskálina Rauðabotn og svo Eldgjárhraunið niður með Hólmsá. Gíga- og gervigígakraðak við Brytalæki. Móbergssfjöll. Öskulög frá Eldgjá og Kötlu. Jökulhlaupaset niður með Hólmsá. Mjög há einkunn fyrir verðmæti í berggrunni (16,9).

Brytalækir koma úr Kötlukerfi og Eldgjársprungu undan Mýrdalsjökli og Mælifellssandi. Lindir í farvegi Hólmsár. Hólmsárlón stíflast uppi af Eldgjárgosi á 10. Öld. Hólmsá með sérstæðum hraunafarvegi og fossum. Heildarmat á verðmætum í jarðfræði og vatnafari 9,1.

Flóran sæmilega skráð. Nokkrar tegundir með takmarkað útbreiðslusvæði eða fremur fágætar, t.d. hagabruða. Auðgi talin í meðallagi (8) en fágæti lítið (1). Við matið lágu fyrir takmarkaðar upplýsingar um gróður, t.d. vantaði gögn frá Brytalækjum. Þá hafði faghópurinn ekki upplýsingar um gróður í og

við lónstæði við Atley. Ríflega þriðjungur þess lands sem Ní kortlagði taldist ógróinn, af grónu landi var moslendi langvíðáttumest (40%). Fágætar hálandisvistgerðir fundust ekki á svæðinu skv. Ní. Samanburður við kort frá 1965 bendir til þess að gróður hafi víða aukist á mela- og sandsvæðum. Einkunn faghóps I var 4 fyrir fjölbreytni gróðurs, 4 fyrir votlendi sem þar er, og 8 fyrir samfellu/heild/upprunaleika. Mat faghópsins á gróðri (og hugsanlega einnig fuglalífi) er of lágt.

Tiltölulega góð þekking á fuglalífi. Varptegundir alls 39. Auðugt fuglalíf í votlendi með bökkum Tungufljóts. Allfjölbreytt en strjált fuglalíf á hálendi. Auðgi alls 13, átta tegundir á válista, einkunn 13. Viðkomustaður fugla á láglendi. Einkunn fyrir fuglalíf alls 11,0.

Urriði, bleikja og lax, áll, stórvaxinn sjóbirtingur aðalfiskurinn. Lítil hluti vatnasviðsins fiskgengur. Smádýralíf metið í meðallagi, ekki vitað um neitt fágætt.


Alls hafa 25 minjar verið staðsettar, mest fábrotnar og stakar, og flestar frá 19.-20. Öld, örfáar vísbendingar um minjar ofar á svæðinu. Þrjár friðlýstar minjar á vatnasviði Hólmsár/Kúðafljóts, eitt er merkilegur kumlteigur sem Kúðafljót brýtur af. Einkunn 8,3.

Vatnasvið Hólmsár er hluti af víðáttumiklum, lítt snortnum víðernum sem tengjast mjög verðmætum svæðum á suðurhluta miðhálandisins, s.s. Torfajökulssvæðinu, Mýrdalsjökli, Langsjó og Skaftá og nágrenni. Svæðið fékk mjög háa einkunn fyrir víðerni (13). Landslag er fjölbreytt með jökul, jökulkvísar, sérstætt og fagurt lindasvæði við Brytalæki, stórfenglegar jarðminjar, s.s. Eldgjá og sérstakt yfirbragð gróðurs. Heildareinkunn fyrir landslag 10,5.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/C.

Þrátt fyrir að faghópurinn hefði ekki nýjustu gögn sem fyrir lágu um svæðið er ekki talið að það hafi haft áhrif á niðurstöðu hans.



Faghópur II byggði fyrsta mat sitt á hugmynd um háspennulínu sem fór austur yfir Eldhraunið (Blá lína í mynd). Afleiðingarstuðull reiknaðist þá 57,42. Við endurmat var gert ráð fyrir línu frá stöðvarhúsi til norðurs og norðvesturs að Byggðalínunni sem þar liggur (Grönn rauð lína í mynd). Sú tilhögun mundi hafa áhrif á ferðasvæðin Eldgjá, Hólmsárbotna og Öldufell og hafa afleiðingarstuðulinn 61,04. Þetta endurmat breytti ekki fyrri röðun virkjunarhugmyndarinnar hjá faghópnum.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætatam svæðis vegna ferðapjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Verðmætatam svæðis vegna ferðapjónustu og útivistar eftir virkjunarframkvæmdir</i>
Hólmsárbotnar	8,91	8,13
Eldgjá	9,11	6,70
Öldufell	8,37	4,54

<i>Staðar-númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðapjónustu og útivist</i>	<i>Röð frá sjónarhóli verndunar</i>
		til beitar	vegna veiða		
20	Hólmsárvirkjun við Einhyrning - miðlun í Hólmsárlóni	3	3	8,74	4
19	Hólmsárvirkjun við Einhyrning - án miðlunar	3	3	6,91	11
21	Hólmsárvirkjun neðri við Atley	6	3	4,55	27

Röðun FH I/FH II: 31 , ef miðað er við mat faghóps I sem birt er í skýrslu verkefnisstjórnar. Það mat þarf hins vegar að endurskoða, sbr. það sem sagt er í umsögn faghóps I hér fyrir ofan.

Könnun verkefnisstjórnar: N6, B4, V2.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Frumhönnun lokið. Rannsóknarleyfi liggur fyrir. MÁU hafið. Verkhönnun að hefjast. Aðalskipulag í staðfestingarferli. (Staðfest í nóvember 2011). Afl og orkuvinnslumat uppfærð eftir frumhönnun. Miðlunng dýr kostur. Fyrsta gangsetning 2016.

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Mat faghópa var ekki byggt á nýjustu gögnum. M.a. voru áhrif á skóglendi stórlega vanmetin.

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Óraskað vatnasvið. Varpsvæði helsingja. Svæðið frá Torfajökli norður að Jökulheimum og austur að Vatnajökulspjóðgarði er vel til þess fallið að taka það frá til annarra nota en raforkuframleiðslu. Stórt lónsstæði og nokkur beit.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Biðflokkur

Rökstuðningur í drögum að þingsályktunartillögu: Mat faghópa var ekki byggt á nýjustu gögnum.

Óvissa er með áhrif á skóglendi og hvar línulögn mun liggja. Vantar frekari upplýsingar.